

Frétt birt í Fréttablaðinu í júní 2015.

Höfundur: Emil B. Karlsson

Tollar á fæði og klæði

Því hefur verið haldið fram að ferðavenjur Íslendinga muni breytast með afnámi tolla á föt og skó. Hvers vegna? Jú, í stað þess að verja tíma sínum við að leita uppi þekktar tískuverslunarkeðjur í útlöndum gætu íslenskir ferðalangar notið menningar og lista í öðrum löndum og klárað fatainnkaupin hér heima í staðinn.

Fyrri reynsla af afnámi tolla af nauðsynjum gefa fyrirheit um að sú ráðstöfun gæti orðið bæði neytendum og atvinnulífi til góðs.

Ef sömu viðbrögð verða við niðurfellingu á tollum á fötum og skóm eins og varð 2002 þegar felldir voru niður tollar á innflutt gróðurhúsagrænmeti má gera ráð fyrir afar hagstæðum áhrifum. Niðurfelling grænmetistollanna leiddi til þess að verð á grænmeti lækkaði umtalsvert (allt að 45%), sala á bæði innlendu og innfluttu grænmeti jókst og neysluaukning náði ekki bara til þess grænmetis sem tollar voru lækkaðir á, heldur einnig til annars grænmetis og jafnvel ávaxta. Neysluáhrif tollaafnámsins urðu því augljós.

Á sama hátt og afnám tolla á grænmeti reyndist neysluhvetjandi má gera ráð fyrir hinu sama hvað varðar fatakaup.

Samkvæmt könnun Hagstofunnar á útgjöldum heimilanna má ætla að meðalfjölskyldan verji um 270 þús. kr. til fata- og skókaupa á ári hér innanlands. Óljóst er hversu miklu fjölskyldurnar verja til kaupa á fötum í útlöndum en nefnt hefur verið að það geti numið allt að 40% af heildarfatakaupum. Með afnámi tolla á föt og skó má ætla að verð lækki u. þ. b. 9%, þannig að ljóst er að þessi aðgerð hefði í för með sér töluverða kjarabót fyrir fjölskyldur. Sérstaklega ungar og barnmargar fjölskyldur sem er sá hópur sem ver hlutfallslega mestu til fata- og skókaupa og er að kljást við annan þungan framfærslukostnað. Barnafjölskyldur verja næstum 6% neysluútgjalda sinna til fata- og skókaupa.

Þó tekjur ríkisins dragist saman vegna afnáms tolla kemur á móti að verslun gæti færast í auknum mæli inní landið með auknum neyslusköttum, eflingu starfa og aukinni skattheimtu sem af því hlýst.

Allt bendir til þess að fatakaup Íslendinga erlendis standi innlendri fataverslun að einhverju leyti fyrir þrífum. Nú er að sjá til hvort lækking á verði hér heima breyti þessum innkaupavenjum eða hvort eitthvað það er innbyggt í þjóðarsálina sem gerir að landanum þykir skemmtilegra að kaupa föt í útlöndum en hér heima. Því fötin skapa manninn, ekki satt?